



Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 12. desember 2021

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um fjármálastefnu 2022 – 2026 og fjárlagafrumvarp ríkisins 2022.

Fjármálastefna 2022 – 2026

SASS tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálastefnu 2022 – 2026. Þetta á sérstaklega við um eftirfarandi atriði sem miklu skipta um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga:

- Tekjustofnar sveitarfélaga og regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði tekin til endurskoðunar.
- Endurmat verði gert á útgjöldum til hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.
- Þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars í staðgreiðslu verði skoðuð.
- Metin verði þróun kostnaðar í þjónustu við fatlað fólk og lagt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðabreytinga.
- Kannað verði að færa Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem í dag er rekin með framlögum frá Jöfnunarsjóði, til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Fjárlagafrumvarp 2022

SASS tekur jafnframt undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjárlagafrumvarp 2022. Samtökin vilja áréttta nokkra málaflokka sem skipta sveitarfélög á Suðurlandi umtalsverðu máli en nokkur þeirra voru til umfjöllunar á nýliðnu ársþingi samtakanna.

Ánægjulegt er að sjá í frumvarpinu að ríkisfjármálum sé áfram beitt markvisst gegn samdrætti með **átaki í fjárfestingum og uppbyggingu** en gera má betur með sem dæmi tímabundinni hækkun í áttakinu „Allir vinna“ úr 60% í 100% til loka árs 2022. Einnig er kallað eftir því að endurgreiðsluheimild virðisaukaskatts fyrir sveitarfélög verði framlengd til loka árs 2022.

Áríðandi er að þau **verkefni og ábyrgð sem sveitarfélögum eru falin af hálfu ríkisins verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti**. Má þar t.d. nefna kröfur til sveitarfélaga um leikskólaþjónustu frá lokum fæðingarorlofs, og innleiðingu farsældarlaganna en dæmin eru fjölmörg.

Mikilvægt er að **styrkja tekjustofna sveitarfélaga og tryggja fjárhagslega sjálfbærni** þeirra enda standa núverandi tekjur ekki undir þeim lögboðnu verkefnum sem ríkið hefur falið þeim. Áfram skal vinna að



endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs. Þess er krafist að ríkið bregðist við ákalli sveitarfélaganna um að þeim verði markaður aukinn tekjustofn en með því má tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Ráðuneyti hafa haldið áfram að marka sér stefnu í veigamiklum málaflokkum og fer þeim fjölgandi. Með mörkun stefnu og því að birta viðeigandi aðgerðaáætlun má sjá hvaða áherslur eru í starfi og hvernig fjármunum verður varið. Ríkið er enn að slípa til verklagið við **gerð og framlagningu fjárlaga. Framsetningin er enn flókin og ógegnsæ.** Það er talsverður ágalli hversu erfitt er að rekja einstakar fjárheimildir en þær geta skipt einstaka stofnanir í landshlutunum verulegu máli en ríkiskassann nánast engu máli.

Grunnþjónusta

Löggæsla:

Ljóst er að **styrkja þarf löggæslu** enn frekar og þrátt fyrir að fjármagn hafi verið aukið á síðustu árum dugar það ekki til.

HSU, heilsugæsla, rekstur hjúkrunarheimili, heilsuefning aldraða og sjúkraþyrta:

Tryggja þarf fjármagna til reksturs HSU. Umfang starfseminnar hefur aukist árlega og gríðarlega vaxandi **álag á bráðamóttöku** er staðreynd. Nauðsynlegt er að fullfjármagna verkefnið svo hægt sé að tryggja þar nauðsynlegan mannafla sem starfsemin krefst. Einnig er áréttað **mikilvægi öflugrar heilsugæsluþjónustu í héraði**, heilsugæsla á ávallt að vera fyrsti viðkomustaður þjónustuþega. Ekki er til staðar kvöld- og helgarþjónusta í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu á öllu Suðurlandi, sem er þó grunnforsenda þess að hægt sé að mæta áherslu stjórnvalda um sjálfstæða búsetu eldri borgara eins lengi og kostur er. **Fjarheilbrigðisþjónusta** hefur skapað ný tækifæri m.a. til aukinnar sérfræðiþjónustu í dreifðari byggðum sem ætti að nýta enn frekar. Til að heilsugæslustöðvar geti mætt þessari þjónustu þarf að tryggja að nægt fjármagn sé til staðar, hvort sem þjónustan er á hendi ríkis eða sveitarfélaga.

Við gerð fjárlaga síðustu ár hefur **rekstrargrunnur hjúkrunarheimila** verið skorinn niður og það hefur haft í för með sér mikinn taprekstur. Nauðsynlegt er **tryggja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila í landshlutunum** og að farið verði að tillögum starfshóps um hækkun á framlögum til reksturs heimilanna. Jafnframt verði ráðist í byggingu nýrra hjúkrunarheimila s.s. á Höfn í Hornafirði.

Aðgerðaráætlun heilbrigðisráðuneytisins um **heilsuefningu aldraða** hefur heppnast vel, þar sem lögð hafa verið til mikilvæg skref í útfærslu samstarfs í heilsuefningu aldraða í heimabyggð. Mörg sveitarfélög á Suðurlandi hafa sýnt frumkvæði að snemmbærri íhlutun í þessum málaflokki sem mun draga úr kostnaði síðar meir, og er því brýnt að ríkið styðji við það frumkvæði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga varðandi heilsuefningu aldraða þarf að formgerast enn frekar; skipulag og fjármagn þarf að vera tryggt.

Jafnframt skal áréttá mikilvægi verkefnis um **rekstur sérhæfðrar sjúkraþyrta**, en brýnt er að slík þyrta verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSU. Breytingar á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hefur leitt til þess að í fleiri tilfellum en áður þarf að flytja íbúa dreifbýlis til Höfuðborgarsvæðisins ef alvarleg slys ber að garði.



Málefni fatlaðra:

Rekstur málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi er mjög fjársveltur og ekki hefur náðst að byggja upp búsetuúrræði í samræmi við þörf. Aukin eftirspurn eftir NPA samningum er auk þess fjárfrekur þáttur sem nauðsynlegt er að mæta, enda hafa með þeim auknar skyldur verið lagðar á sveitarfélögin án þess að nægt fjármagn fylgi.

Málefni barna:

Samtökin fagna þeim framfararskrefum sem stigin hafa verið í málefnum barna og þjónustu við þau, en leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að **stuðningur og nægt fjármagn sé tryggt til að kerfisbreytingar gangi farsælega fram**. Þar er náið samstarf milli sveitarfélaga og ríkis nauðsynlegt.

Samgöngur og fjarskipti:

Það er **miður að útgjöld vegna samgöngu- og fjarskiptamála lækki** um 9,1 ma.kr. á árinu 2022 þar af að 2,6 ma.kr. framlag vegna breikkunar einbreiðra brúa falli niður. **Einbreiðar brýr á Suðurlandi á þjóðvegi 1 eru 19 talsins**. Þeim verður að útrýma til að tryggja umferðaröryggi í landshlutanum.

Leggja skal áherslu á **að fé fáist til stórra nýframkvæmda á Suðurlandi** s.s. Ölfusárbrú, veg yfir Hornafjarðarfliót og göng gegnum Reynisfjall. Mætti hugsanlega fjármagna með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti. Áréttað er að ávallt sé fær hjáleid við gjaldskylda vegi til að tryggja jafnræði búsetu í dreifðum byggðum landsins.

Tryggja þarf **nægt fjármagn til viðhalds, rannsókna og uppbyggingar hafna á Suðurlandi**. Lögð er áhersla á að stjórnvöld tryggi fjármagn til eflingar og uppbyggingar hafnar í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Einnig að sem fyrst verð ráðist í dýpkun á innsiglingunni í höfnina á Höfn sem kallast **Grynnslin** en hún er ekki nægilega djúp fyrir siglingar stærri skipa.

Flugsamgöngur þarf að tryggja áfram til Hornafjarðar og Vestmannaeyja með opinberum stuðningi.

Loks er ítrekuð áskorun á ríkisvaldið að **standa vörð um almenningsamgöngur í landinu**.

Ísland fulltengt - ljósleiðaravæðing byggðakjarna:

Samtökin fagna þeim áföngum sem náðst hafa í verkefninu Ísland ljóstengt. Þau leggja áherslu á að haldið verði áfram á sömu braut við að **tengja byggðakjarna en háhraðatenging** er forsenda búsetu og uppbyggingar atvinnulífs í landinu. Skorað er á stjórnvöld að það sé tryggt samkeppni á fjarskiptamarkaði og að það sé gott fjarskiptasamband á öllu Suðurlandi.

Byggðamál

Sóknaráætlun:

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að **framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki**, sé hins vegar þema frumvarpsins um aukna nýsköpun fylgt **ætti framlagið að hækka** enda hafa sóknaráætlanir sannað sig sem öflugt verkfæri til byggðapróunar. SASS telur að verkefnið Sóknaráætlun landshlutanna og þ.m.t. uppbyggingarsjóðir sem tengjast verkefninu hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. **Samtökin**



hvetja til þess að framlög til Sóknaráætlana verði aukin líkt og gert var 2020 og 2021 en sú viðbót kom sér vel fyrir samfélögin á Suðurlandi.

Atvinnuráðgjöf og byggðapróun:

Nauðsynlegt er að **endurskoða fjárfrelög til Byggðastofnunar** en stofnunin er með samninga við landshlutasamtökin, áður atvinnuþróunarfélögin, um að þau sinni atvinnuráðgjöf og byggðapróun á landsbyggðinni. Fjárfrelög til stofnunarinnar hafa ekki fylgt verðlags- og launapróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér skerta þjónustu hjá landshlutasamtökunum í nærumhverfinu. Á Suðurlandi háttar svo til að SASS hefur gert samstarfssamninga við þekkingarsetur heima í héraði sem sinnt hafa þessu gríðarlega mikilvæga hlutverki í atvinnu- og byggðapróun. Auk þess sem þessir aðilar hafa sinnt stuðningi við nýsköpun í nærumhverfinu. Breyting á launavísitölu er 56% á árabílinu 2015 til 2021 en framlagið til landshlutasamtakanna hefur einungis hækkað um 20%. Eigi atvinnuráðgjöf að standa undir nafni er mikilvægt er að hækka framlagið til Byggðastofnunar strax.

Greining á stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi:

Í ágúst 2020 var farið í sérstaka **greiningu á stöðu og þróun atvinnulífs á Suðurlandi**, með sérstakri áherslu á ferðapjónustuna. Í greiningunni koma m.a. fram upplýsingar um rekstrartekjur greinarinnar, fjölda starfa og hlutfall erlendra ríkisborgara – upplýsingarnar eru sundurliðaðar niður á sveitarfélög á Suðurlandi. Eins má sjá við skoðun á greiningunni, sbr. á heimasíðu samtakanna (sass.is), hvernig vægi ferðapjónustu af umsvifum atvinnugreina á Suðurlandi hefur aukist á síðustu árum en í einstökum sveitarfélögum er hún ríflega 50% s.s. í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Óumdeilt er að ferðapjónustan hefur staðið undir verulegum hluta hagvaxtar á Íslandi síðustu ár. Eigi ferðapjónustan áfram að geta gegnt því hlutverki sem henni er ætlað er afar mikilvægt að koma henni ólaskaðri í gegnum COVID-19 tímabilið þannig að greinin geti hratt brugðist við breyttu ástandi.

Mikilvægt er að hafa í huga að ferðapjónustan skilar ekki einvörðungu beinum tekjum. Hún bætir einnig stöðu annarra atvinnugreina og ruðningsáhrifin skila sér í bættri verslun og þjónustu. **Neysla ferðamanna er gjaldeyrisskapandi og viðbót við innlenda neyslu.** Áhrifanna gæti víðar en oft kemur fram í almennri umræðu.

Umhverfismál

Kallað er eftir samtali og samstarfi við ríkisvaldið í ljósi nýútkominnar stefnu ríkisins um aðlögun að lofslagsbreytingum. Það sem hvílir á sveitarfélögunum er m.a. að **draga úr kolefnislosun frá sorpi** um 60% til ársins 2030, **aukin þörf fyrir öflugri fráveitu** vegna aftakaveðra og aftakarigninga, krafa um annars konar nálgun og þekkingu á skipulagsmálum m.a. vegna aukinnar hættu á flóðum, efling brunavarna vegna aukinnar hættu á gróðureldum og efling almannavarna vegna tíðra ofanflóða og annarrar náttúruvár. Allt eru þetta **kostnaðarsamar aðgerðir** sem sveitarfélögin þurfa að ráðast í og lyklatríði að ríkisvaldið styðji við sveitarfélögin í þessum mikilvæga málaflokki sem loftslagsmálin eru.



Afhendingaröryggi raforku

Staða mála er alvarleg er varða afhendingaröryggi orku og aðgengi að þriggja fasa rafmagni. Krafa þess eðlis var lögð fram á ársþingi SASS árið 2018 en sums staðar á Suðurlandi er staðan enn óbreytt og **stendur í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu** í landshlutanum.

Nýsköpun

SASS fagnar **aðgerðum ríkisins tengdum nýsköpun úti á landi, s.s. tilkomu Lóu sjóðs** sem veitir nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. Hækka þyrfti þó heildarfjárhæð sjóðsins og leyfa lengri verkefni en til eins árs þar sem uppbyggingarverkefni, sérstaklega þau sem byggja á hátækni, eru mjög dýr og tímafrek.

Matvælaframleiðsla og skógrækt:

Mikil **sóknarfæri er í ylrækt og matvælaframleiðslu** þar sem kjörskilyrði eru til staðar í landsfjórðungnum, þ.m.t. viðeigandi reynsla og þekking á landbúnaði og sjávarútvegi og útflutningshöfn í Þorlákshöfn. Skógrækt er vaxandi atvinnugrein á Suðurlandi en huga þarf sérstaklega að **nýtingu afurða skóganna og stuðla að aukningu skógræktar** á svæðinu í ljósi umræðu um loftslagsmál. Ánægjulegt er að sjá fjárveitingar til skógræktar aukast í fjárlögum en án vafa er hægt að tvinna saman atvinnuuppbyggingu og loftslagsmál.

Störf án staðsetningar

Í stjórnarsáttmálanum er mikið fjallað um að flytja störf út á land. Skorað er á ríkisstjórn að **samræma verklag** innan stofnana þegar kemur að **skilgreiningu starfa án staðsetningar** og að ákveðið verði að þau skuli bundin við landsbyggðirnar. Til að **fjölga störfum á landsbyggðinni og auka fjölbreytni þeirra** þarf annars vegar að staðsetja nýjar ríkisstofnanir strax úti á landi, og hins vegar að í þeim tilfellum þar sem verkefni tengd starfi eru úti á landi skal skilyrða staðsetningu starfs í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá er mikilvægt að horfa til þess að gera og fjármagna **langtímasamninga** s.s. við náttúrustofur, þekkingasetur og rannsóknarsetur HÍ á landsbyggðinni en í dag er stærsti hluti tekna stofnanna sjálfsaflað fé í gegnum styrki. Ljúka þarf sem fyrst samningsgerð við þekkingasetur á landsbyggðinni.

Menntun

Brýnt er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman við að **hækka hlutfall háskólamenntaðra** á Suðurlandi. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðherra að styrkja fjarnám háskólastofnanna þannig að allir landsmenn geti stundað háskólanám með því að beita sér fyrir aukinni fjarkennslu og **tryggja háskólum nauðsynlegan stuðning og fjármagn til að nútímavæða kennsluhætti og auka framboð fjarnámsleiða.**



Garðyrkjuskólinn:

Nausðynlegt er tryggja framtíð starfsmenntanáms garðyrkjunnar á Íslandi. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að hefja iðn- og starfsmenntanám til vegs og virðingar og þá verður ekki við það unað að staða starfsmenntanáms garðyrkjunnar sé vafa undirorpin. Mikilvægt er að starfsmenntanáminu sé tryggð örugg aðstaða í húseignum á Reykjum, enda verður ekki hægt að kenna garðyrkju án húsakosts og svæðis til ræktunar.

Sigurhæðir

Sigurhæðir sinna mikilvægri þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Markmið verkefnisins eru að bjóða konum búsettum á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum, að efla samstarf milli aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu á Suðurlandi og að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu.

Því er **beint til til ríkisvaldsins** að nauðsynlegt sé að **fjármagn fáist til lengri** tíma svo hægt verði að **bregðast við aukinni þörf, tryggja starfseminni eðlilegt starfsumhverfi og þolendum kynbundins ofbeldis öruggt aðgengi** að þjónustunni.

Samtökin mæla eindregið með að fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verði bætt úr framangreindum vanköntum og þeim ábendingum sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrirsvarsmenn samtakanna áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum og óska jafnframt eftir að koma á fund fjárlaganefndar.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri